

Hugverkastofan

17 515

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Hugverkastofan
kt. 650191-2189
Engjateig 3, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hugverkastofan er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli reglugerðar nr. 188/1991.

Hlutverk stofnunarinnar er að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðarmerki og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Þá ber stofnuninni að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Samanburðartölur eldra árs eru frá fjárlagalið 04-251.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 541,7 milljónir og afkoma kr. 4,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 23,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 416,5 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hugverkastofunnar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hugverkastofunnar fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Borghildur Erlingsdóttir
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Rekstrartekjur		517.695.430	510.722.596
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	2.671.933	4.581.169
Framlög og ýmsar tekjur	3	<u>21.359.283</u>	<u>12.521.385</u>
Tekjur samtals		541.726.646	527.825.150
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	434.292.798	411.452.800
Framlög og tilfærslur		0	500.000
Annar rekstrarkostnaður	5	98.967.294	111.321.744
Afskriftir	6	<u>4.214.169</u>	<u>4.581.169</u>
Gjöld samtals		537.474.261	527.855.713
Afkoma fyrir fjármagnsliði		4.252.385	(30.563)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		64.986	128.839
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(18.654)</u>	<u>(86.084)</u>
		46.332	42.755
Afkoma ársins		<u>4.298.717</u>	<u>12.192</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	7	67.340	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		6.933.382	8.950.829
Aðrar eignir		1.500.000	1.500.000
Verk í vinnslu, óefnislegar eignir		29.068.427	0
		<u>37.501.809</u>	<u>10.450.829</u>
Fastafjármunir samtals		<u>37.569.149</u>	<u>10.450.829</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	9	2.900.100	2.478.100
Tengdir aðilar	10	350.406.997	365.896.553
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		189.993	0
Handbært fé	11	25.446.458	50.386.612
		<u>378.943.548</u>	<u>418.761.265</u>
Veltufjármunir samtals		<u>378.943.548</u>	<u>418.761.265</u>
Eignir samtals		<u>416.512.697</u>	<u>429.212.094</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		23.388.847	19.090.130
Bundið eigið fé		215.900.000	215.900.000
		<u>239.288.847</u>	<u>234.990.130</u>
Eigið fé samtals		<u>239.288.847</u>	<u>234.990.130</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	353.178	2.052.226
Viðskiptaskuldir	13	8.652.983	18.110.939
Ýmsar skammtímaskuldir	14	168.217.689	171.386.866
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	0	2.671.933
		<u>177.223.850</u>	<u>194.221.964</u>
Skuldir samtals		<u>177.223.850</u>	<u>194.221.964</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>416.512.697</u>	<u>429.212.094</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		4.298.717	12.192
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	4.214.169	4.581.169
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.671.933)	(4.581.169)
		<u>5.840.953</u>	<u>12.192</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(611.993)	(569.422)
Tengdir aðilar		13.790.508	20.439.024
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(12.627.133)	6.326.000
		<u>551.382</u>	<u>26.195.602</u>
		<u>6.392.335</u>	<u>26.207.794</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(2.186.362)	(3.401.890)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		(29.068.427)	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	0
		<u>(31.332.489)</u>	<u>(3.401.890)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	3.401.890
		<u>0</u>	<u>3.401.890</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(24.940.154)	26.207.794
		<u>50.386.612</u>	<u>24.178.818</u>
		<u>25.446.458</u>	<u>50.386.612</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samanstanda af innheimtu á leyfisgjöldum.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrningun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirliti um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.671.933	4.581.169
	<u>2.671.933</u>	<u>4.581.169</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Samtals
Fjárukalög	(23.000.000)	23.000.000	0
Fjárveiting til tekna	(23.000.000)	23.000.000	0
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	4.298.717	0	4.298.717
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(18.701.283)	23.000.000	4.298.717

	2022	2021
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Kostnaðarhlutdeild	3.200.000	3.200.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og endurgreiddur kostnaður frá alþjóðastofnunum	15.411.069	9.321.385
Ýmsar tekjur	2.748.214	0
	<u>21.359.283</u>	<u>12.521.385</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	350.314.460	323.073.339
Orlof, breyting	(5.169.177)	6.801.703
Launatengd gjöld	79.904.966	72.606.700
Starfsmannakostnaður	9.242.549	8.971.058
	<u>434.292.798</u>	<u>411.452.800</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	32,6	35,2
------------------------------	------	------

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	371.238	581.951
Tæki og búnaður til innréttinga	0	44.668
Ýmis tæki og áhöld	1.224.827	2.287.277
Varahlutir og viðhaldsvörur	7.944	0
Orkugjafir	645.617	571.944
Matvæli	9.848.665	7.641.772
Almennar rekstrarvörur	524.751	421.083
Vörukaup, almenn	<u>12.623.042</u>	<u>11.548.695</u>
Ýmsar sérgreindar vörur	44.087	860
Vörukaup, sérgreind	<u>44.087</u>	<u>860</u>

Skýringar

	2022	2021
5 Annar rekstrarkostnaður, framhald		
Fundir, námskeið, risna	1.582.671	4.399.808
Ferðir, uppihald	13.659.044	1.778.863
Akstur	647.479	419.388
Sérfræðiþjónusta	42.012.458	57.752.243
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	171.848	135.867
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.466.851	3.738.667
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.493.987	1.999.708
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	62.034.338	70.224.544
Afnotagjöld	10.493.932	14.909.053
Leigugjöld	1.856.707	1.640.926
Notkun véla og flutningatækja	61.173	18.600
Verkkaup	3.330.185	4.909.991
Kostnaðarhlutdeild	2.919.084	2.746.402
Tryggingar, lögboðnar	281.625	256.863
Opinber gjöld	5.314.385	5.058.770
Tilfærslur	8.736	7.040
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	24.265.827	29.547.645
Annar rekstrarkostnaður samtals	98.967.294	111.321.744
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	4.203.809	4.579.889
Söluþap og úreltar eignir	0	1.280
Niðurfærsla óefnislegra eigna	10.360	0
	4.214.169	4.581.169
	31.12.2022	31.12.2021
7 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	67.340	0
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2022		0
Viðbætur á árinu		77.700
		77.700
Niðurfært 01.01.2022		0
Niðurfærsla ársins		10.360
		10.360
Staða 31.12.2022		67.340

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	6.933.382	8.950.829
Aðrar eignir	1.500.000	1.500.000
	8.433.382	10.450.829
Verk í vinnslu, óefnislegar eignir.....	29.068.427	0
	37.501.809	10.450.829

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	24.975.130	1.500.000	26.475.130
Viðbætur á árinu	2.186.362	0	2.186.362
	27.161.492	1.500.000	28.661.492
Afskriftir 01.01.2022	16.024.301	0	16.024.301
Afskrift ársins	4.203.809	0	4.203.809
	20.228.110	0	20.228.110
Staða 31.12.2022	6.933.382	1.500.000	8.433.382

9 Viðskiptakröfur

31.12.2022 31.12.2021

Viðskiptakröfur	2.900.100	2.478.100
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
	2.900.100	2.478.100

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

31.12.2022 31.12.2021

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	349.027.486	365.896.553
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.379.511	0
	350.406.997	365.896.553

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	353.178	2.052.226
	353.178	2.052.226

11 Handbært fé

Sjóðir	20.000	26.900
Tékkareikningar	22.626.359	49.612.475
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	2.800.099	747.237
	25.446.458	50.386.612

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	234.990.130	234.977.938
Afkoma ársins	4.298.717	12.192
Jöfnuður 31.12.	239.288.847	234.990.130

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 215,9 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

13 Viðskiptaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptaskuldir	8.652.983	18.110.939
	8.652.983	18.110.939
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	7.234.268	16.931.750
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt	1.418.715	1.179.189
	8.652.983	18.110.939

14 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	42.064.985	47.234.162
Önnur ógreidd gjöld	126.152.704	124.152.704
	168.217.689	171.386.866

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Rekstur stofnunarinnar er fjármagnaður með rekstrartekjum, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru ekki færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga í ljósi þess að fjárlagaliður er fjármagnaður með rekstrartekjum.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	0	10.450.829
Umframráðstafað til fjárfestinga	0	(7.778.896)
	0	2.671.933

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	10.450.829	(7.778.896)	2.671.933
Breyting á flokkun	(7.778.896)	7.778.896	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(2.671.933)	0	(2.671.933)
	0	0	0

Skýringar

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi samning um húsnæði. Rekstrar- og þjónustusamningar eru í gildi til ársloka 2025, greiðslur árið 2023 eru áætlaðar kr. 11,6 milljónum. Styrktar- og samstarfssamningar eru í gildi til ársloka 2025, greiðslur árið 2023 eru 1,1 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.